

Fundargerð 109. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 12. janúar 2017 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Guðmundur Sigurvinsson, Örn Friðriksson, Guðmundur Helgi Þórarinsson og Símon Guðvarður Jónsson

Fjarverandi: Jón Jóhannsson og Andrés Bjarnason

Í gengnum fjarfundabúnað: Guðni Þór Elísson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 108
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Útgreiðslur úr vinnudeilusjóði VM
4. Stéttarfélög og Sjúkrasjóðir
5. Ísland 2020 atvinnuhættir og menning (bók)
6. Könnun um áherslur í kjaraviðræðum
7. Lagt fram til upplýsingar
8. Önnur mál

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 108

Fundargerð samþykkt og undirrituð

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

1. Formaður fór yfir stöðuna í kjaradeilu sjómanna. Útvegsmenn eru rólegir og ætla að vera harðir á sínu, þetta er allt bara þolinmæðisvinna.
2. Hvala- og útsýnisskipin eru næsta stóra verkefni í kjaramálum og ekkert annað að gera en að keyra á það.
3. Stjórn Málmbs boðaði formanninn á fund í fyrradag þar sem farið var yfir hvernig við gætum unnið áfram með það sem kom fram á Kjararáðstefnunni. Mikill áhugi hjá þeim að fara í þessa vinnu.
- 4.

3. Útgreiðslur úr vinnudeilusjóði VM

Skelli verkbann á núna 20. janúar þá þurfum við að fara að greiða út úr verkfallssjóði. Formaður las upp 8. gr. vinnudeilu- og verkbannsjóðs VM. Samþykkt var að greidd yrði kauptrygging 1. og 2. vélstjóra og biðtími væri 14 dagar.

Við erum með nokkra félagsmenn sem starfa sem hásetar. Þessir menn kom inn hjá okkur sem baadermenn eða eitthvað annað og ekkert við því að gera. Þessir menn hafa nú verið í verkfalli síðan fyrr jól og formaður spurði hvort við þyrftum ekki að greiða þessum mönnum úr verkfallssjóði og þá hásetatryggingu. Samþykkt var að greiða þessum mönnum frá 2. janúar.

4. Stéttarfélög og sjúkrasjóðir

Sum stéttarfélög virðast ekki vera að nota sjúkrasjóðinn eins og á að gera og það er óásættanlegt. Formaður hefur stuðning stjórnar til að fara í málið.

5. Ísland 2020 atvinnuhættir og menning

Formaður sýndi fundarmönnum bækurnar Ísland 2010 atvinnuhættir og menning. Nú á að fara að gera þetta aftur „Ísland 2020 atvinnuhættir og menning“ og býðst okkur að vera með fyrir 357 þúsund. Ákveðið var að vera ekki með núna.

6. Könnun um áherslur í kjaraviðræðum.

Formaður lagði fram niðurstöðu könnunar sem sett var af stað 23. desember til að kanna hvaða áherslur menn vildu sjá í kjaraviðræðum VM. Könnunin stóð til 3. janúar.

7. Lagt fram til upplýsinga.

Ekkert var lagt fram.

8. Önnur mál

Rætt var um ábendingu sem kom eftir félagsfundinn sem haldinn var 5. janúar að það hefði ekki verið hljóð þá þeim sem hlustuðu í gengum netið til að byrja með og spurði hvort ekki væri hægt að laga þetta. Formaður sagði að þeir hefðu heyrt af þessu en þetta væri einhver stilling í tölvu hjá þeim sem var að hlusta. Lagt til að góðar leiðbeiningar væru á heimasíðunni fyrir menn.

Talað var um að þeir sem eru í samninganefndinni séu ekki á launum á meðan þeir eru á fundum og finnst að félagið þurfi að skoða með greiðslur. Formaður skoðar málið, en útlagður kostnaður er greiddur.

Fundi slitið kl. 13:50

